

Enska

Tíma fjöldi á viku: 3

Kennari: Ragna Kristjánsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag. Innlagnir frá kennara þegar ný atriði eru tekin fyrir. Einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna. Umræður og hlustunarverkefni. Netverkefni. Myndefni. Lestur styttri og lengri texta, málfræði, hlustun áhorf, ritunarverkefni og munnlegar æfingar

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslupættir grunnþátta menntunar
Heilbrigði og velferð:	- Nemendur velta ábyrgðinni sem fylgir því að verða fullorðinn og að stunda kynlífi, þær pælingar um það að sofa hjá í fyrsta skipti. Barna þarf að velta fyrir sér virðingunni fyrir kynlífi og þeirri manneskju sem það er stundað með. - Fjallað um kosti og galla internetsins og það að þau geri sér grein fyrir því að það sem fer á netið getur dreifst víða á mjög skömmum tíma - Fjallað er um velferð barna og hver á að vernda þau því að í sumum löndum varðar það ekki við lög að leggja hendur á börn.
Jafnrétti:	Nemendur fá að kynnast vel að það hafa ekki allir jöfn tækifæri í lífinu, það fór m.a. eftir litarhætti og þjóðfélagsstöðu hvort hægt var að ná markmiðum sínum.
Lýðræði og mannréttindi:	- Farið ítarlega í sögu Írlands og þá baráttu sem þeir háðu í átt að sjálfstæði. Nemendur fá að kynnast vel aðskilnaðarstefnu Suður-Afríku þar sem lýðræði og mannréttindi voru lítils virði. Þeir fá þessa sýn þar sem þeir lesa bókina Cry Freedom og horfa svo á myndina. - Nemendur átti sig á því að enn í dag eru börn sem ekki fá tækifæri á því að ganga í skóla.
Læsi:	Nemendur fá að lesa um ólæsi og skömmina sem fylgir því. Þeir lesa mismunandi texta, formlega bókartexta, texta ættaða frá Írlandi og Skotlandi, ljóðatexta og auglýsingatexta.
Sjálfbærni:	Á ekki við
Sköpun:	Farið í að búa til ljóð eftir Limru formi

Námsáætlun

Áætlun 2022-2023

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Unit 1: Growing UP Þessi kafli fjallar um eins og nafnið gefur til kynna, það að fullorðnast og öllu sem því fylgir fara að sofa hjá og allar þær geðsveiflur sem og breytingarnar á sér sjálfum þegar komið er á seinni hluta unglingsára. Komið er inn á notkun Internetsins og kosti þess og galla, og fjallað um staðalímyndir.	Spotlight 10 lesbók og vinnubók, efni af neti og Cry Freedom	Nemendur þekki nafnorð og reglulega og óreglulega fleirtölu þeirra. Nemendur þekki fornöfn og spurnarfornöfn	Kaflapróf úr kafla 1
Unit 2: Ireland Fjallar um Írland og nemendur fá að kynnst írska sögu frá árinu 1171 til dagsins í dag. Nemendur fá að kynnst írsku söngkonunni Sinead O'Connor og textann hennar Famine en texti lagsins hefur tengingu við fortíð Írlands. Nemendur fá einnig að kynnst lífinu í Limerick í kringum 1935 en þar vitnað í sjálfsævisögu írska-bandaríska rithöfundarins Frank McCourt Angela's Ashes. Skoðuð eru skráttin heimsmet í heimsmetabók Guinness	Skoðum mikið af myndefni af vefnum, hlustum á U2 Sunday Bloody Sunday og skoðum opinberar fréttamyndir af þessum degi sem er samofin sögu Írlands Farið í ljóðagerð og þau búa til ljóð samkvæmt forminu	Nafnorð, að nemendur geti notað much, many, a lot of lots of. Að nemandi geti skrifað mismunandi texta, geti greint á milli formlegs texta og óformlegs.	Kaflapróf úr 2. kafla
Unit 3: A Sense of Fear Hér er fjallað um hræðslu og ótta sem við upplifum á mismunandi hátt. Fjallað er um tilfinninguna í líkamanum sem við skynjum þegar við verðum hrædd eða skelkuð. Sumir reynast að forðast þessa tilfinningu á meðan aðrir sækjast í hana með áhorfi á hryllingsmyndir. Þarna er líka komið inn á geimverur og stutt frásögn úr bók Mary Shelley um Frankenstein. Þarna er skosk saga og í verkefnabók er unnið með skosk orð til gamans		Að nemandi geti skrifað útdrátt úr texta, ritdóm eða grein. Nemendur þekki fornöfn og afturbeygð fornöfn	Kaflapróf úr 3. kafla
Unit 4: Voices of English Kaflinn fjallar um ensku sem tungumál, mál sem er talað um allan heim. Þarna er áhugaverður texti sem sýnir hvernig enskan hefur orðið til og tungumál hvaða þjóðar hafa haft áhrif á enskuna. Þarna er fjallað um ólæsi og skömmuna sem því fylgir.	Þarna sýnir ég myndina The Reader sem fjallar á áhrifaríkan hátt um ólæsi og skömmuna sem fylgir því.	Að nemendur þekki tíðaratvikið og háttaratvikið	Kvikmyndaverkefni úr The Reader kvikmyndaverkefni.
Unit 5: Fame-A Treacherous Thing Þessi kafli fjallar um frægðina og allt sem henni fylgir, bæði það góða og það slæma og nemendur eru spurðir hvort þeir séu	Notum netið mikið til að skoða upplýsingar um þessa frægu einstaklinga sem eru nefndir í kaflanum. Nemendur	Að nemendur þekki og noti spurnarsetningar.	Kaflapróf úr 5. kafla

Námsáætlun

tilbúin að fórna öllu fyrir frægðina. Þarna er fjallað um Michael Jackson, Britney Spears, og Marilyn Monroe. Fjallað er um Woodstock og hvenær þú ert bara aðdáandi eða hvenær verður þú hrellir	búa til Slideshow með uppáhalds tónlistarmanninum sínum. Þau kynna svo verkefnið sitt fyrir samnemendum sínum.	Að nemendur þekki og kunni að nota would og should.	
Unit 6. South Africa Nemendur fá að kynnst Suður – Afríku, þau fræðast um kynþáttaðskilnaðinn og ástæður þess að hún gat þróast eins og hún gerð og að sjálfsgöðu Nelson Mandela. Fjallað er um fjölbreytt landslag, dýralíf með áherslu á fílinn. Nemendur fá að kynnst Kwaito tónlistarstílnum og þeir fá að kynnst þremur afrískum íþróttamönnum.	Í tengslum við þennan kafla lesa nemendur bókina Cry Freedom sem segir frá baráttu Stephen Biko fyrir réttindum svartra í Suður-Afríku í kringum 1974-1975 og tengslum hans ritstjórnann Donald Woods. Þegar lestri bókarinnar er lokið horfa þeir á myndina Cry Freedom.		Kaflapróf úr 6. kafla Tímaritun

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áráðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats: Kaflapróf eru á eftir hverjum kafla sem gilda 10% hvert. Nemendur taka 8 próf úr óreglulegum sögnum, sem gildir 10% af lokaekunn. Nemendur horfa á myndina The Reader og svara úr henni spurningum sem gildir 10 % Nemendur lesa Cry Freedom og skrifa tímaritun sem gildir 10 %. Munnleg frásögn þar sem þau segja frá uppáhalds tónlistarmanninum sínum gildir 10% , hlustunar og lesskilningur 10%